

# Kjarasamningur

milli Samtaka sjálfstæðra skóla (SSSK) og Eflingar – stéttarfélags

## 1. gr.

### Gildistími og gildissvið

Kjarasamningur þessi gildir frá 1. apríl 2019 til 31. maí 2023 og rennur þá út án frekari fyrirvara.

Kjarasamningurinn nær til kjara félagsmanna í Eflingu sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum SSSK innan félagssvæðis Eflingar.

## 2. gr.

### Inntak samnings

Um kaup og kjör félagsmanna Eflingar sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum SSSK fer í öllum atriðum eftir kjarasamningi Eflingar við Reykjavíkurborg ásamt fylgiskjölum sem undirritaður var 9. mars 2020 nema um þau atriði sem í samningi þessum greinir. Samningur þessi hefur sömu samningsforsendur og kjarasamningur Eflingar við Reykjavíkurborg.

## 3. gr.

### Fylgiskjal III kafli II (kjarasamningur Eflingar við Reykjavíkurborg undirritaður 9. mars 2020)

Kafli II í fylgiskjali III breytist og orðist svo:

Þá hafa aðilar jafnframt orðið ásáttir um að greiða starfsmönnum leikskóla skv. gr. 1.1.3 eftirfarandi fjárhæðir:

Starfsheiti	Önnur laun
starfsmaður 2	32.500
starfsmaður 2 með stuðning	32.500
leiðbeinandi 1	32.500
leiðbeinandi 1 með stuðning	32.500
leiðbeinandi 2	37.500
leiðbeinandi 2 með stuðning	37.500
leikskólaliði	37.500
leikskólaliði með stuðning	37.500
deildarstjóri C	42.500

Aðilar eru sammála um að á samningstímanum taki önnur laun skv. gr. 1.1.3 hækkun um 2,5% þann 1. janúar 2021 og þann 1. janúar 2022.

## 4. gr.

### Forsendur

Komi af einhverjum ástæðum til riftunar eða endurskoðunar á ofangreindum núgildandi kjarasamningi Eflingar við Reykjavíkurborg skal sama gilda um kjarasamning þennan.

**5. gr.**

**Fyrirvari um samþykki**

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um samþykki félagsmanna Eflingar í atkvæðagreiðslu. Eflingu ber að tilkynna SSSK um niðurstöðu atkvæðagreiðslu eigi síðar en 29. maí 2020. Telst samningurinn samþykktur hafi ekki verið tilkynnt um annað fyrir þann tíma.

Reykjavík, 15. maí 2020

---

f.h. Samtaka sjálfstæðra skóla  
Sara Dögg Svanhildardóttir  
formaður

---

f.h. Eflingar – stéttarfélags  
Sólveig Anna Jónsdóttir  
formaður